



Pungunarrof 2018

[Tölur um þungunarrof 2018](#) voru nýlega gefnar út á vef Embættis landlæknis. Á sama tíma voru eldri tölur endurskoðaðar og endurútgefnar.


Þungunarrof hér á landi voru 1.049 árið 2018 eða 12,8 á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára). Er það svipaður fjöldi og undanfarin tvö ár. Þrátt fyrir að þungunarrofum hafi fjölgað lítillega síðustu tvo áratugi hefur

Ár	Fjöldi	Á 1.000 konur 15-49 ára
1998	903	12,9
1999	928	13,1
2000	979	13,7
2001	962	13,3
2002	892	12,3
2003	948	13,1
2004	882	12,1
2005	866	11,8
2006	894	11,9
2007	900	11,8
2008	959	12,3
2009	980	12,5
2010	972	12,5
2011	968	12,5
2012	978	12,7
2013	963	12,5
2014	952	12,3
2015	927	11,9
2016	1019	13,0
2017	1042	13,1
2018	1048	12,8

Tafla 1. Þungunarrof 1998-2018

tíðni þessara aðgerða hins vegar lítið breyst. Frá 1998 hafa að meðaltali verið framkvæmd 12,6 þungunarrof hjá hverjum 1.000 konum á frjósemisaldri.

[Norrænn samanburður](#) á tíðni þungunarrofa sýnir að Ísland er nálægt hinu norræna meðaltali. Þannig voru 12,6 þungunarrof hjá hverjum 1.000 konum á frjósemisaldri á Norðurlöndunum öllum árið 2017. Var tíðnin lægst í Finnlandi (8,2) en hæst í Svíþjóð (16,9). Tíðni þungunarrofa er fremur lág á Norðurlöndunum í samanburði við mörg önnur lönd Evrópu en rétt er að benda á að lagaumhverfi getur verið afar mismunandi milli landa sem kann að hafa áhrif á fjölda skráðra og framkvæmdra þungunarrofa.



Mynd 1. Tíðni þungunarrofa miðað við 1.000 konur í hverjum aldurshópi.

Aldursbundin tíðni þungunarrofa

Sé litið til aldurs þeirra kvenna sem gangast undir þungunarrof hér á landi sést að flestar aðgerðir eru að jafnaði gerðar hjá konum á aldrinum 20-29 ára (mynd 1). Ekki varð breyting á því árið 2018 en þá voru líðlega 52% allra þungunarrofa gerð hjá konum í þessum aldurshópi. Tíðni þungunarrofa var svipuð hjá konum á aldrinum 25-29 ára, 21,5 á hverjar 1.000 konur og hjá konum í aldurshópnum 20-24 ára (21,0/1.000 konur 20-24 ára).

Tíðni þungunarrofa í yngsta aldurshópnum hefur dregist verulega saman undanfarið. Þannig gengust 11 af hverjum 1.000 stúlkum á aldrinum 15-19 ára undir þungunarrof árið 2018 og hefur tíðnin ekki verið svo lág í marga

Efni: Þungunarrof 2018
Ófrjósemisaðgerðir 2018

bls. 1
3

Ritstjórn
Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.
Védís Helga Eiríksdóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Embætti landlæknis

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1919
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



13. árgangur. 6. tölublað. Júlí 2019

áratugi. Að meðaltali voru framkvæmd 13,4 þungunarrof hjá hverjum 1.000 stúlkum á þessum aldri á fimm ára tímabilinu 2011-2015, 15,1 að meðaltali á árunum 2006-2010 og 18,8 á árunum 2001-2005. Að sama skapi hefur tíðni þessara aðgerða aukist lítið eitt hjá konum sem eru 25 ára og eldri.


Þungunarrof eftir búsetu kvenna

Nokkur munur er á tíðni þungunarrofa eftir búsetu kvenna (mynd 2). Árið 2018 voru flest þungunarrof hjá konum búsettum á höfuðborgarsvæðinu, 13,8 á hverjar 1.000 konur á frjósemisaldri og á Suðurnesjum (13,4/1.000 konur 15-49 ára). Fæst þungunarrof voru hins vegar hjá konum búsettum á Vesturlandi (7,4/1.000 konur 15-49 ára) og Suðurlandi (9,5 á 1.000 konur 15-49 ára). Til samanburðar má á mynd 2 sjá meðaltalsdreifingu þungunarrofa eftir búsetu kvenna á fimm ára tímabilinu 2013-2017. Þá voru þungunarrof einnig algengust á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu en fátíðust á Austur- og Vesturlandi.


Tegund meðferðar og meðgöngulengd

Þungunarrof sem framkallað er með lyfjum hefur verið valkostur hér á landi frá árinu 2006. Síðan þá hefur það orðið sífellt algengara að endir sé bundinn á þungun með lyfjum í stað aðgerðar. Á árinu 2018 var hlutfall þungunarrofa með lyfjum tæplega 79%.

Samkvæmt gildandi lögum skal framkvæma þungunarrof sem fyrst á meðgöngu, helst innan 12 vikna. Þá kveða lögin á um að ekki skuli framkvæma þungunarrof eftir 16. viku meðgöngu nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður og lífi og heilsu konunnar stefnt í því meiri hættu með lengri meðgöngu og/eða fæðingu. Undanfarnir ár hefur mikill meirihluti þeirra kvenna sem hefur undirgengist þungunarrof verið gengnar skemur en 9



Mynd 2. Tíðni þungunarrofa eftir heilbrigðisumdæmum miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri (15-49 ára).



Mynd 3. Þungunarrof eftir meðgöngulengd, 2013-2018.

vikur eða 79% árið 2018. Hefur það hlutfall lítið breyst undanfarnir tvö ár (mynd 3). Þá var þungun rofin fyrir 12. viku meðgöngu í tæplega 94% tilvika árið 2018 og í rúmlega 99% tilfella innan 17 vikna.

Aðgerðarstaður

Árið 2018 voru þungunarrof gerð á fimm stöðum á landinu: Landspítala, Sjúkrahúsini á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Neskaupsstað og á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. Sem fyrr var yfirgnæfandi meirihluti þungunarrofa framkvæmdur á Landspítala árið 2018 eða tæplega 88%.

Næstflest þungunarrof voru framkvæmd á Sjúkrahúsini á Akureyri, tæplega 9%.

Ný lög um þungunarrof

[Frumvarp til laga um þungunarrof](#) var samþykkt á Alþingi í maí sl. og munu hin nýju lög taka gildi þann 1. september nk. Þá falla úr gildi [lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir](#). Með nýju lögunum er lagt til að hugtakið *þungunarrof* verði framvegis notað í stað orðsins *fóstureyðing*. Vísar þungunarrof til þeirrar læknisaðgerðar þegar rof er gert á þungun konu, að hennar beiðni, annað



13. árgangur. 6. tölublað. Júlí 2019

hvort með lækniáðgerð eða lyfjagjöf.

Markmið hinna nýju laga er að tryggja að sjálfsforræði kvenna sem óska eftir þungunarrofi verði virt með öruggum aðgangi að heilbrigðisþjónustu. Í hinni nýju löggjöf felst sú meginbreyting að konur fá fullt ákvörðunarvald um að óska eftir þungunarrofi fram að lokum 22. viku þungunar, óháð því hvaða ástæður liggja að baki þeim vilja. Ekki þarf því samþykki læknis eða félagsráðgjafa fyrir þungunarrofi eins og verið hefur. Vegna þessarar breytingar munu konur því ekki lengur þurfa að fylla út umsóknareyðublað áður en þær undirgangast þungunarrof og verður útgáfu eyðublaðanna því hætt frá og með 1. september nk.

Í nýju lögunum er, eins og fyrr segir, kveðið á um að þungunarrof sé heimilt til loka 22. viku þungunar. Þar segir enn fremur að þungunarrof skuli þó ætíð framkvæmt eins fljótt og auðið er, helst fyrir lok 12. viku þungunar. Eftir lok 22. viku þungunar er einungis heimilt að framkvæma þungunarrof ef lífi þunguáðrar konu er stefnt í hættu við áframhaldandi þungun eða ef fóstur telst ekki lífvænlegt til frambúðar og er þá gerð krafa um staðfestingu tveggja lækna á því.

Þungunarrof með lækniáðgerð skal, samkvæmt nýju lögunum, framkvæmt á sjúkrahúsi undir handleiðslu sérfræðings á sviði kvenlækninga en einnig verður þó heimilt að framkvæma þungunarrof með lyfjagjöf á starfsstöðvum lækna

sem landlæknir hefur eftirlit með. Þá er í lögunum lagt til að gerð verði krafa um fræðslu um áhættu samfara aðgerðinni sem og að konu skuli boðið upp á stuðningsviðtal bæði fyrir og eftir þungunarrof.

Að lokum er í hinum nýju lögum lagt til að Embætti landlæknis haldi rafræna ópersónugreinanlega skrá yfir öll þungunarrof eins og verið hefur.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ófrjósemisaðgerðir 2018


Á árinu [2018 voru framkvæmdar 649 ófrjósemisaðgerðir](#) á Íslandi og er það svipaður fjöldi og undanfarin ár. Tæplega 86% allra aðgerða voru á körlum eða 557 aðgerðir. Samsvarar það 7,1 aðgerð fyrir hverja 1.000 karlmenn á aldrinum 25-54 ára. Ófrjósemisaðgerðir á konum voru 92 talsins árið 2018 eða 1,3 aðgerðir fyrir hverjar 1.000 konur á aldrinum 25-54 ára.

Mikil breyting hefur orðið á hlutfalli karla og kvenna sem undirgangast ófrjósemisaðgerðir hér á landi undanfarna áratugi. Tölfræðin sýnir að ófrjósemisaðgerðum á körlum hefur fjölgað jafnt og þétt en á sama tíma hefur dregið verulega úr slíkum aðgerðum meðal kvenna. Árið 2018 voru þannig um 14% ófrjósemisaðgerða gerðar á konum, fyrir áratug voru ófrjósemisaðgerðir á konum hins vegar tæplega 35% allra aðgerða og fyrir tuttugu árum voru þær tæplega 80% af heildarfjölda aðgerða.

Aldursbundin tíðni

Ófrjósemisaðgerðir hafa um langt skeið verið algengastar hjá fólki á aldrinum 35-44 ára og á það bæði við um karla og konur (mynd 2). Hið sama var uppi á teningnum árið 2018 en þá voru rúm-

lega 62% allra ófrjósemisaðgerða gerðar hjá einstaklingum á þessum aldri. Árið 2018 voru gerðar 13,9 ófrjósemisaðgerðir fyrir hverja 1.000 karlmenn á þessum aldri en 2,3 aðgerðir fyrir hverjar 1.000 konur á sama aldri.



Mynd 1. Ófrjósemisaðgerðir eftir kyni, 2000-2018.



13. árgangur. 6. tölublað. Júlí 2019


Aðgerðarstaður

Þorri ófrjósemisaðgerða á karlmönnum hefur um langt árabil verið framkvæmdur á stofum sjálfstætt starfandi þvagfæraskurðlækna eða rúmlega 93% árið 2018. Einungis 7% ófrjósemisaðgerða á körlum árið 2018 voru gerðar á heilbrigðisstofnunum. Þessu er hins vegar öfugt farið hjá konum. Tæplega 84% allra ófrjósemisaðgerða á konum árið 2018 voru framkvæmdar á heilbrigðisstofnunum á meðan liðlega 16% aðgerða fóru fram á stofum sjálfstætt starfandi sérfræðilækna.

Ný lög um ófrjósemisaðgerðir

[Frumvarp til laga um ófrjósemisaðgerðir](#) var samþykkt á Alþingi þann 7. maí sl. og tóku þau strax gildi. Á sama tíma féll brott III. kafli [laga nr. 25/1975](#) en hann fjallar um ófrjósemisaðgerðir. Hin 44 ára gömlu lög munu síðan falla endanlega úr gildi þann 1. september nk. Þegar ný lög um þungunarrof öðlast gildi.

Með nýju lögunum um ófrjósemisaðgerðir voru aldursmörk umsækjenda um ófrjósemisaðgerðir færð úr 25 árum



Mynd 2. Tíðni ófrjósemisaðgerða miðað við 1.000 karla og konur í hverjum aldurshópi.

í 18 ár í samræmi við ákvæði lögræðis-laga. Er nú einungis heimilt að framkvæma ófrjósemisaðgerðir á einstaklingum sem ekki hafa náð 18 ára aldri að uppfylltum ströngum skilyrðum um að frjósemi hafi alvarleg áhrif á líf eða heilsu viðkomandi. Fyrir því er jafnframt sett skilyrði um að fyrir liggi staðfesting tveggja lækna og samþykki sérstaklega skipaðs lögráðamanns. Þá kemur fram í

lögunum að fræða skuli einstaklinga um í hverju ófrjósemisaðgerð er fólgin áður en til framkvæmdar kemur, áhættu samfara henni og afleiðingar.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir